

Nd.

46. Frumvarp til laga

[44. mál]

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45/1950.

Flm.: Pétur Ottesen, Magnús Jónsson, Sigurður Ágústsson, Sigurður Bjarnason.

1. gr.

Á eftir 1. málsg. 12. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Á framlag ríkissjóðs til framkvæmda þeirra í jarðrækt og húsabótum, sem taldar eru í 11. gr. I.—VII., greiðist 20% álag auk verðlagsuppbótar. Undanskilinn er þó V. liður (Grjótnám), en á hann greiðist 50% álag auk verðlagsuppbótar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar endurskoðun jarðræktarlaganna fór síðast fram, var reynt að vanda til hennar eftir fönfum og til þess valdir þeir menn, er bezt var treyst til þeirra hluta. Eftir að búnaðarþing hafði haft málið til meðferðar, var frv. lögfest í aðalatriðum eins og nefndin hafði lagt til, með þeirri breytingu, að framlag til vélgrafinna skurða var hækkað úr $\frac{1}{3}$ kostnaðar upp í helming kostnaðar. Síðan hafa öðru hvoru komið fram allháværar kröfur um hækkun á jarðræktarframlaginu, ýmist á einstökum liðum þess eða á framlaginu í heild. Í því sambandi hefur verið bent á verðlagsbreytingar, sem orðið hafa síðan endurskoðun jarðræktarlaganna fór fram.

Nú hefur verið flutt á Alþingi frv. um að taka einn lið jarðræktarframkvæmda (vélgrafna skurði) út úr og hækka framlagið til þeirra, en með því er rofið styrkhlutfallið milli einstakra jarðræktarframkvæmda, sem verið hefur síðastliðin ár. Vitað er, að ekki verður unað við þessa breytingu eina af þeim, er einnig bera fyrir brjósti aðrar jarðræktarframkvæmdir. Hér er því lagt til, að allir þeir liðir, sem jarðræktarframlagið tekur til, hækki um 20%, að undanskildu grjótnámi, er hækki um 50%, en um það eru allir kunnugir sammála, að sá liður sé nú mikils til of lágur og þurfi því að hækka verulega, enda eiga þeir, sem neyðast til að brjóta grýtt land til ræktunar, oft við einna mesta örðugleika að etja í ræktunarframkvæmdum.